

## 19. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

Haldinn þriðjudaginn 12. mars 2019 kl. 15:00.

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4

---

### Viðstaddir:

*Stjórnarmenn:* Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kristján Þór Magnússon frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Björgólfur Jóhannsson, Ingibjörg Ólafsdóttir og Þórir Garðarsson, öll frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra var fjarverandi en Orri Páll Jóhannsson, aðstoðarmaður sat fundinn í hans stað. Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra var fjarverandi.

*Aðrir:* Hildur Sverrisdóttir, aðstoðarmaður ferðamálaráðherra, Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF (áheyrnarfulltrúi), Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri (áheyrnarfulltrúi) og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð. Ólafur Árnason frá EFLU sat fundinn undir 2. Dagskrárlíð.

---

1. Fundargerð síðasta fundar (*til samþykktar*).  
Fundargerðin var samþykkt með smávægilegri leiðréttingu.

2. Stöðuyfirlit.

Framkvæmdastjóri gaf yfirlit yfir stöðu nokkurra verkefna:

- *Talningar á vegum, ferðamannastöðum og friðlýstum svæðum*

Hagaðilar eru búnir að hittast og allir eru sammála um gerleika verkefnisins sem myndi búa til betri mynd af því hvernig ferðamenn dreifast um landið. Við slíka samræmingu myndi nýting fjármuna og yfirsýn batna mjög. Nauðsynlegt væri að einhverjum einum aðila væri falið að halda utan um verkefnið og öll rök væru með því að sá aðili væri Vegagerðin. Það sem fyrir lægi væri að tryggja fjármögnun til lengri tíma og vinna að samræmingu milli þeirra hagaðila sem ættu hlut að máli. Vegagerðin hefði í dag 30 m.kr. til að vinna að talningum en þyrfti að ráða nýjan starfsmann sem hefði breiðari þekkingu. Rætt um nauðsyn viðbótarfjármagns til að búa til þekkingarmiðju varðandi fjölda einstaklinga og dreifingu þeirra á mismunandi staði á hverjum tíma. Jafnframt væri nauðsynlegt að fylgjast vel með tækniþróun áður en ráðist væri í viðbótarfjárfestingu. Fundarmenn voru sammála um að þau grunngögn sem fengjust með verkefninu væru tíma og fjárfestingar virði. Ráðherra og framkvæmdastjóra falið að skoða mögulegt framhald og fjármögnun.

- *Talningar í Leifsstöð*

Lítið hefur gerst í verkefninu frá síðasta fundi. Ljóst er að hægt er að hafa farþegatalningar mun nákvæmari en nú er en það verður ekki gert nema í samstarfi við ríkislögreglustjóra.

- *Álagsmatsverkefni*

Ólafur Árnason frá EFLU kom á fundinn og gerði grein fyrir stöðu verkefnisins. Gagnaöflun í fasa II væri að mestu lokið sem og þróun viðmiða, en áhersla væri lögð á að nýta gögn sem þegar eru til og samhæfa á milli aðila. Verið væri að stilla upp sviðsmyndum miðað við annars vegar 2% og hins vegar 5% vöxt. Skýrsludrög ættu að vera tilbúin í lok marsmánaðar og færu þá til rýni í sérfræðihópum fyrri hluta aprílmánaðar. Í lok aprílmánaðar ætti síðan að liggja fyrir skýrsla til frekara samráðs og ítrunar.

○ *Fundir með stjórnnum landshlutasamtaka og stjórnnum markaðsstofa*

Framkvæmdastjóri og ferðamálastjóri gerðu grein fyrir fundum sem þeir hefðu átt undanfarið með stjórnnum landshlutasamtaka og markaðsstofa. Næstu skref væru að móta með ráðgjafa hvernig áfangastaðastofur (e. *DMOs*) gætu litið út og fyrirhugað að slík drög muni liggja fyrir í lok marsmánaðar. Fram kom að í lok mánaðarins yrði sameiginlegur fundur allra landshluta og Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem málið yrði rætt. Mikilvægt að samhljómur væri í því að þróun stoðkerfis á landsbyggðinni yrði samræmd og því væri skynsamlegt að tengja markaðsstofurnar í auknum mæli við sveitarfélögin. Það lægi t.d. fyrir að til að markaðsstofa gæti þróast í áfangastaðastofu þyrfti atvinnuráðgjöf o.fl. að vera til staðar. Einnig kom fram að mögulega væru mismunandi áherslur í væntingum til verkefnisins milli fulltrúa markaðsstofanna og landshlutanna, en mikilvægt að halda því til haga að ýmislegt væri á teiknborðinu hjá SGR varðandi framþróun landshlutasamtakanna.

○ *Stefnumótun*

- Framtíðarsýn og áherslur stjórnvalda
- Stefnumótun með hagaðilum (val á samstarfsaðilum)

Formaður gerði grein fyrir því að stýrihópur væri búinn að funda tvisvar auk þess sem verkefnahópur hefði átt nokkra fundi. Verkefnið snerist um sk. leiðarljós (e. *policy framework*), það væri sem sagt ekki aðgerðaáætlun eða stefna heldur stutt yfirlit yfir atriði sem allir gætu sameinast um að ferðapjónustan ætti að hafa til að bera. Mikið væri horft til Skotlands og Nýja-Sjálands. Formaður kvaðst síðan fara í fundaherferð til að fá skuldbindingu og eignarhald sem flestra hagaðila á verkefninu til að freista þess að skapa breiða sátt um markmið íslenskrar ferðapjónustu. Hér væri nauðsynlegt að slíta eiginlega stefnumótun frá þessari framtíðarsýn.

3. Verkefni sem komin eru til framkvæmda.

○ *Ástandsmat ferðamannastaða*

Jón Björnsson frá Umhverfisstofnun kynnti verkefnið fyrir fundarmönnum. Það byggði á hlutlægu mati og tæki á einstökum svæðum en ekki heildum. Rauði listi Umhverfisstofnunar sem til þessa hefði verið notast við hefði byggt á of huglægu mati. Hér væru skipulag, innviðir og verðmæti svæða metin eftir fyrirfram skilgreindum spurningum og þegar hefði komið í ljós að slæmt ásigkomulag náttúrunnar hefði verið ofmetið til þessa. Frekar væri það svo að skipulagsmál væru það sem þyrfti að taka betur utan um.

4. Staða mála í ferðapjónustu á Íslandi

Framkvæmdastjóri SAF fór yfir tillögur SAF til skilvirkara eftirlits með erlendri og ólöglegri starfsemi í ferðapjónustu sem settar voru fram 5. mars. sl. Niðurstaða greiningar SAF væri sú að auðvelt væri fyrir erlend fyrirtæki að starfa á Íslandi og að mörg þeirra færu á svig við lög og reglur og stunduðu félagsleg undirboð. T.d. bæri mjög á því nú í skugga verkfallsaðgerða að erlend hópferðabifreiðafyrirtæki herjuðu stíft á viðskiptavini íslensku fyrirtækjanna. Eftirlit væri almennt máttlítið og óskilgreint, ekki væri línulegt samhengi milli fjölda ferðamanna og tekna af greininni og samkeppnisstaða væri skökk vegna skattaundanskota og undirboða. Tillögurnar miðuðu að því að fá kerfið til að vinna saman og nauðsynlegt væri að fá skýrt eignarhald á sum verkefni sem lögð væru til í því skyni að jafna samkeppnisstöðu og tryggja réttindi og atvinnu samhliða því að auka tekjur ríkisins. Heimagistingarvakt var sérstaklega nefnd sem verkefni sem hefði borið árangur hvað þetta varðar en þær 64 m.kr. sem lagðar voru í það verkefni hafa þegar skilað 71 m.kr. í beinar tekjur, auk óbeinna áhrifa og tekna. Fram kom sú skoðun SAF að fleiri átaksverkefni gætu skilað enn meiru. Þegar um væri að ræða fimm ráðuneyti og níu undirstofnanir sem kæmu að málum og því þyrfti að koma á fót lögbundnum samráðsvettvangi milli stofnana með það að markmiði að laga rekstrar- og samkeppnisumhverfi fyrirtækjanna. Landsbyggðin væri síðan sérstakt

áhyggjuefni sem og staða flugfélaganna og verkfallsmálin sem hefðu mikil skaðleg áhrif á afkomu ársins.

Formaður sagði hægt að taka undir margt í tillögunum og velti því upp hvort stofnanir þyrftu ekki að endurskoða forgangsröðun. Almennt væri of lítið gert af því að horfa gagnrýnið á starfsemi, skoða hvort verkefni ættu ekki að breytast með breyttum áskorunum. Ríkisstjórnin fylgdist síðan grannt með stöðu mála hvað varðaði kjaramál og flug.

Fram kom að hluti tillagna SAF rímaði við skýrslu ferðamálaráðs til ráðherra frá sumrinu 2017.

Fjármálaráðherra sagði skýrsluna vel framsetta og taldi auðvelt að setja margar tillagnanna í farveg. Hann kvaðst ekki sannfærður um að það þyrfti mikinn aukinn fjárhagslegan stuðning til þess, í landinu væru stórar stofnanir sem ættu að gæta þess að skattar og gjöld væru borguð. Margir óvissuþættir væru uppi varðandi afkomu ríkisins núna, flugmálin, loðnubrestur og gengi krónunnar. Margt væri hins vegar í góðum farvegi og nauðsynlegt að horfa lengra til framtíðar samhliða því að fást við verkefni til skamms tíma.

Fram kom að staðan fæli í sér tækifæri til að hreinsa til, vöxtur hefði ekki verið sjálfbær sem gengi aldrei upp til lengri tíma. Þegar skammtímaverkefnin væru afgreidd þyrfti að fara í sókn.

5. Önnur mál.  
Fleira var ekki gert.  
Fundir slitið kl. 16:50.